

## Fundur í stjórn foreldrafélags Króks

31. október 2017 kl. 20:30

### Fundargerð

Mætt: Erla Ósk Pétursdóttir, Heiðar Hrafn Eiríksson, Ingólfur Ágústsson, Lilja Ósk Sigmarsdóttir og Árni Snær Brynjólfsson. Boðuð forföll: Eva Rún Barðadóttir og Sigrún Sesselja Óskarsdóttir.

1. Stjórn skipti með sér verkum. Erla Ósk formaður, Lilja Ósk ritari og Árni Snær gjaldkeri.
2. Helstu viðburðir næsta árs ræddir. Nóvember: jólasýning, desember: jólaball og jólagjöf, maí: vorhátíð og áframhald á útisvæði, og júní: útskriftarmynd og útskriftargjöf.
3. Áfallateymi Heilsuleikskólans Króks. Fundarmenn sammála um að þessi stjórn verði í áfallateyminu, og halda einhverjum foreldrum eftir þannig að fjöldinn haldist í 10. Erla ætlar að hafa samband við Guðfinnu, Lalla og Lollu og biðja þau að vera áfram. Þá er áfallateymið sem hér segir:

Þorleifur Ólafsson	868-0711
Guðfinna Magnúsdóttir	823-9060
Þuríður Gísladóttir	868-5850
Erla Ósk Pétursdóttir	856-5717
Ingólfur Ágústsson	856-5741
Eva Rún Barðadóttir	772-7339
Heiðar Hrafn Eiríksson	892-0169
Lilja Ósk Sigmarsdóttir	847-3517
Árni Snær Brynjólfsson	845-2735
Sigrún Sesselja Óskarsdóttir	865-4939

4. Staða fjármála. Staðan á bankareikningnum er um 130.000 kr. og á morgun kemur inn greiðsla fyrir nóvember, sem við áætluðum að sé um 41.000 miðað við hækkunina sem samþykkt var á síðasta aðalfundi foreldrafélagsins (úr 300 kr. í 400 kr.) og önnur greiðsla í byrjun desember. Við eigum eftir að greiða 39.000 kr. reikning fyrir söngmöppur, og 65.000 kr. fyrir jólasýninguna. Fyrir jólaballið má því reikna með að staða reiknings verði: um 108.000 kr.
5. Jólaballið. Stjórnin ræddi að halda ballið laugardaginn 2. desember kl. 11:00-13:00 í Hópsskóla. Ákveðið var að tala aftur við jolasveinar.is þar sem það gekk mjög vel í fyrra. Ingólfur ætlaði að hafa samband við þá og sjá hvort það gengi upp. Varðandi tónlistina, þá var ákveðið að fá einhvern til að spila á gítar og stjórna dansi í kringum jólatréð. Árni ætlaði að hafa samband við Lalla/Garðar og sjá hvort þeir væru til í að taka það að sér.
6. Jólagjafir. Stjórnin ræddi mögulegar jólagjafir og sammæltust um að bók væri góð gjöf. Verður rætt nánar á næsta fundi.

Næsti fundur verður haldinn um miðjan nóvember.

Fundargerð ritaði Erla Ósk Pétursdóttir.